

## Kröfuskjal fatlaðra kvenna til Alþingis

Lagt fram 17. nóvember 2015

#ÉgErEkkiEin

*I ljósi þeirra atburða sem áttu sér stað á Nýja-Bæ, rannsókna sem liggja fyrir um háá tíðni ofbeldis gagnvart fötluðum konum, brotalamir réttarkerfisins, þá miklu aðgreiningu sem fatlaðar konur búa við og reynslu okkar allra af margþættri mismunun og ofbeldi í íslensku samfélagi, gerum við eftifarandi kröfur til Alþingis.*

1. Að þingmenn geri sér grein fyrir að við erum mennskar. Við erum ekki kynlausar, úrhrök og afgangsstærð, eilíf börn eða ófærar um að hafa skoðanir, tala máli okkar og lifa sjálfstæðu lífi þó sumar okkar þurfi til þess mikla aðstoð. Þó svo að við deilum sameiginlegri reynslu af fötlunar- og kynjamisrétti erum við ólíkar, t.d. eru sumar okkar með sýnilegar skerðingar og aðrar með ósýnilegar skerðingar. Mikilvægt er að við fáum rými til þess að skilgreina okkur sjálfar. Við höfum þurft að lifa í þögn alltof lengi yfir kynferöisofbeldi, andlegu ofbeldi, líkamlegu ofbeldi, efnislegu ofbeldi, stofnanaofbeldi, þvingunum, vanrækslu, hatursglæpum, kerfislægu ofbeldi og menningarbundnu ofbeldi. Það er m.a. hlutverk þingmanna að nota valdastöðu sína til þess að leggja sitt af mörkum við að binda enda á þá ofbeldismenningu sem einkennir líf okkar. Aðgerðarleysi ykkar stuðlar með beinum hætti að ótímabærum dauðsföllum okkar sökum ofbeldis sem þrífst í aðgreiningu.
2. Að þingmenn aðstoði ráðherra að skilja ábyrgðarsvið sitt og veiti þeim aðhald og eftirlit. Innanríkisráðherra ber ábyrgð á mannréttindamálum sem þýðir að hennar verksvið er að vinna að framgangi réttlátari löggæslu og dómskerfis fyrir fatlaða brotabola ofbeldis og fullgildingar Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Félags- og húsnæðismálaráðherra fer með yfirstjórn í málefnum okkar og ber því ábyrgð á ytra eftirliti og því að setja reglugerðir um tiltekna þjónustu til þess að tryggja öryggi okkar. Jafnframt þarf hún að ljúka við að vinna að lagaumgjörð um notendastýrða persónulega aðstoð.

3. Að þingmenn beiti sér af krafti fyrir fullgildingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og að þeirri vinnu verði lokið fyrir 30. mars 2016 en þá eru níu ár síðan Ísland undirritaði samninginn.
4. Að þingmenn skilji að alþjóðlegar og íslenskar rannsóknir sýna að ofbeldi þrífst í aðgreinandi úrræðum og þar sem skortur er á aðstoð. Nauðsynlegt er að tryggja að notendastýrð persónuleg aðstoð verði lögfest sem eitt meginform í þjónustu við fatlað fólk óháð aldri og tegund skerðingar eins og alþjóðlegar hreyfingar fatlaðs fólks gera kröfu um. Þingmenn gátu sameinast einróma um þingsályktun þess efnis árið 2010 svo nú, fimm árum síðar þegar þjónustan hefur sýnt fram á fyrirbyggjandi gildi, er ástæða til að þingmenn sameinist einróma um lögfestingu hennar.
5. Að þingmenn tryggi að umbætur á réttarstöðu fatlaðs fólks séu unnar í fullu samráði og samstarfi við fatlað fólk af öllum kynjum og á öllum aldri. Einnig að þingmenn hvetji ráðuneyti, undirstofnanir þeirra og sveitarfélög til þess að ráða fatlaða sérfræðinga til starfa svo líklegra sé að umbætur þjóni tilgangi sínum. Jafnframt að stjórnmálaflokkar vinni markvisst að því að efla beina stjórnmálapáttöku fatlaðs fólks, einkum kvenna, og ráða til sín fatlað starfsfólk og sérfræðinga. Alþingi sem stofnun sýni einnig gott fordæmi og ráði sjálft fatlaða sérfræðinga til starfa.

Alma Ýr Ingólfssdóttir  
Arndís Hrund Guðmarsdóttir  
Ágústa Eir Guðnýjardóttir  
Embla Guðrúnar Ágústsdóttir  
Eva Þórdís Ebenezersdóttir  
Freyja Haraldsdóttir  
Guðbjörg Kristín Eiriksdóttir  
Guðríður Ólafs Ólafsiudóttir  
Ingeborg Eide Garðarsdóttir  
Iva Marín Adrichem  
Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir  
Margrét Ýr Einarsdóttir  
María Hreiðarsdóttir  
Pála Kristín Bergsveinsdóttir  
Rán Birgisdóttir  
Sigríður Jónsdóttir  
Snædís Rán Hjartardóttir  
Soffía Melsteð  
Sóley Björk Axelsdóttir  
Steinunn Ása Þorvaldsdóttir  
Þorbera Fjölnisdóttir

*Fatlaðar konur í Tabú og Kvennahreyfingu Öryrkjabandalags Íslands*